

ÁHERSLA Á UNGMENNÍ Á NORÐURLÖNDUNUM


– GEDHEILBRIGÐI, VINNA, MENNTUN

TILLÖGUR



norden

Nordens Välfärdscenter



ÁHERSLA Á UNGMENNI Á NORÐURLÖNDUNUM – GEÐHEILBRIGÐI, VINNA, MENNTUN

Hvað þurfa stefnumótandi aðilar á Norðurlöndunum að leggja áherslu á til að bæta líf og heilsu ungs fólks á Norðurlöndunum? Í verkefninu „Áhersla á ungmenni á Norðurlöndunum“ setur Norræna velferðarstofnunin, að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar, fram tillögur um samfélagslegar breytingar og kynnir sérstaklega fyrirtæki, stofnanir og verkefni sem hafa reynst góður vettvangur fyrir ungt fólk sem er að hefja samfélagslega þátttöku, ýmist í námi eða á vinnumarkaðnum.

Verkefnið „Áhersla á ungmenni á Norðurlöndunum“ er sérstaklega ætlað til að styðja ungmenni sem þjást af eða eru í áhættuhópi vegna geðrænna vandamála, þá einkum með hliðsjón af aðstæðum þeirra í skólakerfinu og árangri þeirra á vinnumarkaði og við að sjá sér farborða, þegar þar að kemur. Annar mikilvægur þáttur í verkefninu er snemmbær taka lífeyris og örorkubóta vegna geðrænna vandamála á meðal ungmenna.

ÞÖRF Á ALMENNUM, SÉRTÆKUM OG SVEIGJANLEGUM AÐGERÐUM

Á öllum Norðurlöndunum er þörf á auknu fjármagni till málefna sem varða ungmenni almennt, hvort sem er á sviði menningar, frístunda, menntunar eða heilbrigðismála. Einnig þarf að koma á sérúrræðum fyrir einstaklinga og hópa sem eiga á hættu að lenda utangarðs eða þróa með sér geðsjúkdóma.

Börn og ungmenni eru stór og mikilvæg auðlind. Ungmenni á Norðurlöndunum hafa aldrei verið jafn vel menntuð og hæf og þau eru í dag. Þrátt fyrir það segjast sífellt fleiri ungmenni þjást af geðrænum kvillum og þeim fjölgar sem eiga, af margs konar ástæðum, á hættu að lenda í erfiðum aðstæðum. Sumt ungt fólk er berskjaldaðra en annað og á fremur á hættu að mæta fordómum, til dæmis ef kynhneigð þess eða kynvitund er frábrugðin ríkjandi viðmiðum eða ef þau eru með einhvers konar líkamlegar eða andlegar hamlanir.

Við þurfum auk þess að bæta greiningu á geðrænum kvillum hjá ungum dren-
gjum. Í dag segjast fleiri ungar stúlkur þjást af vanlíðan en drengir, en margir
drengir tjá þó vanlíðan sína og geðrænan vanda með því að grípa til ofbeldis,
misnotkunar og annars konar skaðlegrar hegðunar.

Aukning geðrænna vandamála meðal ungmenna er eitt alvarlegasta lýðheilsu-
vandamálið sem samfélagið á Norðurlöndunum stendur frammi fyrir. Í öllu
starfi með þessum hópi er mikilvægt að samþætta sveigjanleika og færni inn
í velferðarkerfið til að flýta fyrir greiningu á því hverjir þurfa aðstoð og hvers
konar aðstoð þeir þurfa, sem og að greiða fyrir handleiðslu og eftirfylgni.

Sumt ungt fólk þarf víðtækari stuðning og eftirfylgni til langs tíma, en aðrir
þurfa aðgang að rétta stuðningsnetinu eða skammtímaúrræðum sem ekki kre-
fjast jafn mikilla fjárútláta.

TILLÖGUR BYGGÐAR Á RANNSÓKNUM OG STARFI

Í ritinu „In focus – Mental health among young people“ setja forsvarsmenn
verkefnisins fram dæmi um fyrirtæki, stofnanir og verkefni á Norðurlöndu-
num sem hafa reynst vel við að veita ungu fólki stuðning. Þessir aðilar geta
orðið öðrum hvatning og eru gott dæmi um það hvernig unnt er að mæta
þörfum ungs fólks og sýna því stuðning.

NEET-EINSTAKLINGAR

6 til 12 prósent ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára á Norðurlöndum
eiga á hættu að lenda varanlega utangarðs í samfélaginu. Þetta er
sundurleitur hópur sem er í orðræðu ESB nefndur NEET (Not in
Education, Employment or Training).

Ungmenni sem falla undir NEET-tölfræðigögnin glíma við fjölþættan
vanda. Orsakir vandans geta verið brottfall úr framhaldsskóla,
taugageðrænar hamlanir, lestrar- og skriftarörðugleikar, þunglyndi,
misnotkun, erfiðar og skaðlegar heimilisaðstæður og fjölmargt fleira.

Á grundvelli heimsóknna til þessara aðila, sem og þeirrar þekkingar sem Norræna velferðarmiðstöðin hefur aflað í samstarfi við fjölda vísindamanna á Norðurlöndunum, hefur verkefnið sett fram tilmæli um þær áherslur sem taldar eru mikilvægastar þegar kemur að því að auka velferð ungs fólks á Norðurlöndunum.

DÆMI UM FYRIRTÆKI SEM GREIÐUR AÐGANGUR ER AÐ

Í Danmörku eiga opinberi geirinn og samfélagið í heild samstarf í blendingsfyrirtækinu Headspace, sem rekið er af samtökunum Det Sociale Netværk (Samfélagsnetið). Í Headspace vinna sjálfbóðaliðar með félagsráðgjöfum og sálfræðingum. Ungu fólki á aldrinum 12–25 ára er boðin ókeypis ráðgjöf undir nafnleynd. Engin vandamál eiga að teljast of stór eða of lítil. Hér eru engir þröskuldar fyrir þá sem vilja aðstoð – engrar greiningar er krafist. Og það er heldur enginn biðtími. Með því að hitta sjálfbóðaliða sem taka þátt af áhuga og metnaði gefst færi á því að mynda jákvæð jafningjatengsl. Headspace býður upp á virka hlustun en veitir einnig handleiðslu og vísar veginn til annarra úrræða eftir þörfum.



RÁÐLEGGINGAR FRÁ NORRÆNA VELFERÐARSTOFNUNIN

AÐ SKAPA BÆTT SKILYRÐI FYRIR SAMSTARF ÞVERT Á ATVINNUGREINAR OG STOFNANIR

Yfirvöld í hverju landi, stjórnisýslan á hverju svæði eða sveitarfélagi, fólk í sveitarstjórnnum og í nærsamfélaginu þarf að þróa leiðir til að eiga aukið og bætt samstarf um málefni ungs fólks og þarfir þess fyrir stuðning og handleiðslu. Mörg dæmi eru um vel heppnað samstarf, en á þessu sviði er þó mikið svigrúm til úrbóta og frekari þróunar.

Stefnumótandi aðilar þurfa að tryggja fjárhagsleg og skipulagsleg skilyrði fyrir samstarf þvert á atvinnugreinir og stofnanir þegar kemur að ungmennum í vanda og þróa skýrar viðmiðunarreglur um það hver er endanlega ábyrgur fyrir því að samstarfið skili tilætluðum árangri.

AÐ SKAPA FORSENDUR FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR SEM GETA BODIÐ UPP Á SNEMMBÆR OG AÐGENGILEG INNGRIPSÚRRÆÐI

Snemmbær inngrip er ódýr kostur en inngrip síðar í ferlinu reynast oft mun dýrari. Það er mikil þörf á aðgengilegri stuðningsstarfsemi fyrir ungt fólk sem líður illa, en sem ekki er nægilega veikt til að geta leitað úrræða innan heilbrigðiskerfisins. Slíkur stuðningur ætti að grundvallast á fyrirtækjum og stofnunum sem geta aðlagð aðgerðir sínar að sértækum þörfum einstaklinga. Fyrir sum ungmenni er nóg að komast í tengsl við virka og fullorðna einstaklinga sem geta gefið sér tíma til að hlusta, en aðrir þurfa langvinnari stuðning, til dæmis hjá sálfræðingi eða ráðgjafa.

Ríki og sveitarfélög bera höfuðábyrgðina á geðheilbrigðismálum ungmenna en nærsamfélagið getur einnig lagt sitt af mörkum með gagnlegum viðbótaraðgerðum. Stefnumótandi aðilar þurfa að skapa fjárhagsleg skilyrði til langs tíma sem gera nærsamfélaginu kleift að vinna með ungmennum sem líður illa og hafa þörf fyrir aðgengileg úrræði.



STUÐNINGUR OG UPPBYGGING Á FRUMSTIGI – HJÁ FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM

Veita þarf stuðning til að gera fyrirtækjum og stofnunum, svo sem skólum, félagsþjónustu og heilsugæslu, kleift að grípa inn í á frumstigi vandans. Markmiðið með aðgerðum á frumstigi er að þróa aðgerðaáætlanir til að börn og ungmenni sem glíma við vandamál geti fengið aðstoð hið fyrsta. Þessi frumstigsverkefni fela í sér að greina mismunandi gerðir vanda, einfalda úrræði og veita stuðning og hjálp til þeirra sem glíma við vægari vanda og kvilla. Á þessu stigi ættu ábyrgir aðilar einkum að huga að aðgengi að frumstigsúrræðum í dreifbýli.

FJÁRFESTING Í HEILSUEFLINGU Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM

Rannsóknir hafa sýnt að vel heppnuð og hindrunarlaus skólaganga er ein öflugasta forvörnin fyrir öll ungmenni, þó einkum þau sem eiga öðrum fremur á hættu að lenda á einhvern hátt utangarðs. Öll börn og ungmenni hafa rétt á aðgangi að framhaldsskóla að loknu grunnnámi og allir framhaldsskólanemar hafa rétt á menntun sem lýkur með lokaprófi með fullnægjandi einkunn.



Öll Norðurlöndin verða að tryggja sveigjanlega valkosti í menntun fyrir ungt fólk sem, af mismunandi ástæðum, gæti ella ekki lokið grunn- og framhaldsskólanámi.

Stefnumótandi aðilar þurfa enn fremur að tryggja fjárhagslegar og skipulagslegar forsendur fyrir fjölgun fagmenntaðs starfsfólks í grunn- og framhaldsskólum, til að kennarar geti einbeitt sér að sínu fagi og látið aðra um að taka við og bera ábyrgð á heilsueflandi umhverfi í daglegu starfsumhverfi barna og ungmenna.

Tryggja verður öllum grunn- og framhaldsskólum opið og aukið aðgengi að skólaheilsugæslu. Auka þarf fjármagn til fræðslu og þekkingaröflunar í grunn- og framhaldsskólanum um leiðir til bættrar geðheilsu barna og ungmenna.

Skólar þurfa enn fremur að geta varið meiri tíma og fjármagni til að þróa og viðhalda vel skipulögðu, samhæfðu samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk, velferðarþjónustuna og nærsamfélagið.

HVAÐ SEGJA UNGMENNIN SJÁLF?

Við sem vinnum að málefnum sem varða ungt fólk verðum sífellt að reyna að skilja og afla okkur þekkingar á því hvernig það er að vera barn eða unglingur í dag. Ef við ætlum að þróa áhrifarík stuðningsúrræði fyrir ungt fólk verðum við að skilja lífskjör þeirra og þarfir. Ungu fólkið veit mest um sitt eigið líf. Til að fá að vita hvernig ungt fólk á Norðurlöndum hugsar, hvernig því líður og hvað því finnst verður að spyrja spurninga og hlusta á svörin.

Í ritinu „In focus – Mental health among young people“ hafa forsvarsmenn verkefnisins „Áhersla á ungmenni á Norðurlöndunum“ safnað upplýsingum um gagnleg fyrirtæki, stofnanir og verkefni víða um Norðurlöndin til að hvetja stefnumótandi aðila og sýna fram á hvar fjárveitingar nýtast best til að bæta velferð barna og ungmenna á Norðurlöndunum. Ungmennin sem við höfum rætt við og átt viðtöl við hafa kennt okkur margt og mikið um það hvernig þau vilja láta koma fram við sig. Allir sem vinna með ungu fólki ættu að geta haft gagn af þeim starfsvenjum og nálgun sem reynslan hefur kennt okkur að beita.





**EFTIRFARANDI ÞÆTTIR ERU ÞEIR SEM UNGA FÓLKID TELUR
MIKILVÆGASTA ÞEGAR LEITAD ER STUÐNINGS:**

SJÁID OKKUR OG HLUSTID Á OKKUR!

Að finna að aðrir hlusti og komi fram við mann af virðingu er grundvallarforsenda sem mörg okkar líta á sem sjálfgefinn hlut. Fyrir ungmennin sem við tókum viðtöl við er það hins vegar engan veginn sjálfgefið. Að eiga hversdagslegar samræður sem einkennast af gagnkvæmri virðingu er mikilvægur þáttur í starfi stofnana og fyrirtækja. Einn af lykilþáttunum í starfinu með unga fólkinu er jákvætt og gott viðmót. Ef fagaðilar og aðrir sem starfa með ungu fólki mæta því ekki af virðingu myndast ekkert traust og þá skapast heldur ekkert svigrúm til þróunar.

HJÁLPIÐ OKKUR AÐ TAKA RÉTTA STEFNU

Langflest ungmennin sem við höfum hitt og átt viðtöl við dreymir um að geta séð sér farborða. Meirihluti þessa unga fólks á sér þann draum að geta gengið að starfi vísu í framtíðinni. Allir eru góðir í einhverju og það er okkar hlutverk að hjálpa unga fólkinu að þekkja eigin styrkleika og öðlast trú á eigin getu. Ef einblínt er á styrkleika hvers og eins verður útkoman góð.



HJÁLPIÐ OKKUR AÐ NÁ MARKMIÐUM OKKAR

Sú tilfinning að vera einskis nýtur getur verið mjög skaðleg. Það er algeng upplifun hjá því unga fólki sem við höfum rætt við í þessu verkefni að passa ekki inn og að finnast maður ekki vera nógu góður. Stundum hafa þessi einstaklingar fengið það staðfest að þeir passi ekki inn – hvort sem það er í skólanum eða á vinnumarkaðnum. Eftir að hafa upplifað margs konar ósigr felst léttir í því að finna félagsskap þar sem gerðar eru hófstilltar kröfur og þeir sem þú umgengst vilja þér vel og trú á þig.

HVER ERU RÉTTINDI OKKAR OG SKYLDUR?

Unga fólkíð lýsir því gjarnan þannig að skrifinnskan sem tengist velferðarkerfinu sé eins og illfær frumskógur og að maður þurfi að berjast fyrir því að fá hjálp. Margir þeirra sem þurfa á velferðarþjónustu að halda upplifa það nánast sem ókleifan múr að komast í gegnum þennan hafsjó af flóknum reglum.

VIÐ VILJUM TILHEYRA STÆRRA SAMHENG

Mikil tengsl eru á milli einmanaleika og geðrænna vandamála. Þeir sem hafa t.d. þjáðst af kvíða eða þunglyndi í langan tíma hafa oft misst félagsleg tengsl við bæði vini og fjölskyldumeðlimi. Það er algengt að þátttaka í ýmiss konar starfsemi leiði fólk út úr einangruninni yfir í félagslíf. Að hlæja með öðrum, elda mat og borða saman eða fara í göngutúr. Atriði af þessu tagi virðast kannski hversdagsleg í sjálfu sér, en þegar upp er staðið er það einmitt svona lagað sem gefur lífinu gildi. Einnig er mikilvægt að efla tengslanet unga fólksins – ef það er yfir höfuð fyrir hendi.

SÝNIÐ OKKUR VIRÐINGU OG GEFIÐ OKKUR GÓÐA UNDIRSTÖÐU

Það eru einkum fyrstu kynni unga þátttakandans og fagmanneskjunnar sem skipta langmestu máli. Andinn sem ríkir þátttakenda á milli er einnig mikilvægur. Til að þátttaka í starfsemi virki jákvæð og styrkjandi er grunnskilyrði að þar myndist tengsl sem byggja á trausti eða að minnsta kosti á gagnkvæmri virðingu. Mörg ungmenni sem eiga á brattann að sækja hafa neikvæða reynslu af velferðarkerfinu og þess vegna skiptir öllu máli að taka vel á móti þeim. Til að gera þeim kleift að öðlast aftur trú og traust er lykilatriði að taka þessa reynslu þeirra alvarlega.



ÚTGÁFUEFNI SEM TENGIST „ÁHERSLA Á UNGMENNÍ Á NORÐURLÖNDUNUM“

Verkefnið „Áhersla á ungmenni á Norðurlöndunum“ er á vegum Norræna ráðherraráðsins og hófst vorið 2014. Margar áhugaverðar skýrslur hafa verið unnar í tengslum við verkefnið. Skýrslur sem merktar eru með * innihalda tilmæli um stefnumótun.

Útgefið efni sem tengist verkefninu er hægt að panta eða sækja á heimasíðu Norrænu velferðarstofnunarinnar: www.nordicwelfare.org



IN FOCUS – MENTAL HEALTH AMONG YOUNG PEOPLE (2016) *

Í skýrslunni eru sett fram ellefu dæmi um sérvalin fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið metnar og hafa náð góðum árangri í starfi með ungu fólki. Skýrslan er byggð á viðtölum við ungt fólk, verkefnisstjóra og starfsfólk. Líta má á fyrirtæki og stofnanir í skýrslunni sem dæmi um bestu starfsvenjur. Í skýrslunni kemur fram hvaða atriði unga fólkíð lítur svo á að séu vel heppnuð.



SKOLELEVERS PSYKISKA HÄLSA (2015) *

Í skýrslunni er fjallað um geðræna kvilla hjá nemendum í Svíþjóð í samanburði við önnur Norðurlönd, en sérstök áhersla er lögð á þær breytingar sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi. Skýrslan vekur athygli á þeim sterku tengslum sem er að finna á milli geðræna kvilla og námsframmistöðu.



UNGA VUXNA MED NEDSATT ARBETSFÖRMÅGA – EN BESKRIVNING AV TRYGGHETSSYSTEMEN (2015)

Yfirlit yfir skipulag velferðarkerfanna á Norðurlöndunum. Í skýrslunni kemur fram að ungt fólk sem þarf að þiggja lífeyri eða starfsörorku snemma á ævinni verður að eiga sér sterkan fjárhagsgrundvöll áður en hægt er að hefja endurhæfingu.



CREATING PARTICIPATION AND CHANGE FOR YOUTH WITH MENTAL HEALTH PROBLEMS (2016) *

Rannsókn á því hvernig ólíkir aðilar í velferðarþjónustu í Danmörku og Svíþjóð vinna þverfaglega til að ýta undir þátttöku og styðja við ungmenni með geðræna kvilla.



NÅR NOEN MÅ TA REGIEN (2016) * WHEN SOMEONE HAS TO TAKE CHARGE

Í skýrslunni er gefin innsýn í stöðu ungmenna á aldrinum 16–29 ára á Íslandi, í Færeyjum og Noregi sem kljást við geðræn vandamál og eiga erfitt með að ljúka námi sínu og komast inn á vinnumarkaðinn.



RELATIONSHIP BETWEEN YOUNG PEOPLE AND WELFARE SERVICES (2016) *

Þessi skýrsla leiðir í ljós þrjá meginflokka hjá NEET-hópnum og tengir þessa flokka við ólík svið innan velferðarkerfisins. Í skýrslunni er einnig fjallað um það hvernig hægt er að aðlagast og endurskipuleggja þjónustuna til að geta betur mætt ólíkum aðstæðum og þörfum innan hópsins.



MENTAL HEALTH AMONG YOUTH IN... (2016)

Stutt yfirlit yfir það hverjir fást við þessi málefni í hverju landi eða landsvæði fyrir sig á Norðurlöndunum, ásamt almennri umfjöllun um stöðu ungmenna sem kljást við geðræna kvilla og eiga á hættu að lenda utangarðs.



VI ARBETAR MED UNGA I NORDEN (2015)

Yfirlit yfir stofnanir, yfirvöld og samtök sem fást við geðheilsu, atvinnu og nám á Norðurlöndunum.

Nordens Välfärdscenter

+46 8 545 536 00
info@nordicwelfare.org

www.nordicwelfare.org



norden

Nordens Välfärdscenter